

Vettvangsferð þriðjudaginn 29. september 2020: Lokaður vegur, áður Bláfjallavegur (417-02).

Þriðjudaginn 29. september 2020 fóru Sigurður Björn Reynisson verkefnastjóri á áætlanadeild Vegagerðarinnar og Katrín Halldórsdóttir, verkfræðingur á Höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar, í vettvangsferð um syðri hluta Bláfjallavegar (áður 417-02).

Bláfjallavegur (417-02) náði áður frá Bláfjallaleið (407-01) að Krýsuvíkurvegi (42-01) og var 17,72 km langur. Veginum hefur nú verið lokað frá stöð 6.100 að Bláfjallaleið (407-01). Sá hluti vegarins sem er lokaður er u.þ.b. 11,62 km langur. Sá kafli sem er hafður opin heitir í dag Leiðarendavegur (402-01) og nær frá Krýsuvíkurvegi (42-01) að hellunum við Leiðarenda. Vegkaflanum sem nú hefur verið lokað hefur ekki verið í vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni í mörg ár. Áður fyrr var vegkaflanum lokað með hliði og merktur ófær.

Leiðarendavegur (402-01) er með bundnu slitlagi. Umhverfi vegarins uppfyllir ekki gildandi kröfur um öryggissvæði vegarins samkvæmt Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar. Vegfláar eru víða brattir og hátt er fram af vegi, einnig er farið að brotna upp úr bundna slitlaginu á veginum, sjá myndir 1-7.





Myndir 1-7: Leiðarendavegur (402-01) er með bundnu slitlagi sem er farið að brotna upp úr. Vegfláar eru brattir og mjög hátt er fram af á nokkrum stöðum.

Sá hluti vegarins sem hefur verið lokað, er með malar slitlagi. Vegurinn liggur í gegnum nokkuð gróft umhverfi, en hann er lagður í gegnum hraunbreiðu. Hrauninu hefur á kafla verið rutt frá en hraunnibbur og gjótur eru víða innan öryggissvæðis. Fláar vegarins eru brattir en ekki er mjög hátt fram af. Ljóst er að lagfæra þyrfti umhverfið, fjarlægja hraun og keyra í fláa eigi vegurinn að uppfylla kröfur um öryggissvæði vega. Þessi hluti vegarins hefur ekki verið í vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni í mörg ár og í byrjun árs 2020 var veginum lokað tímabundið, fyrst og fremst vegna vatnsverndarsjónamiða, að ósk SSH. Vegurinn var áður lokaður á veturna með lokunarhliði og merktur ófær. Í dag hefur verið komið fyrir steiptum einingum sem loka veginum, ásamt lokunarþverslám, K21.21, og merkinu B01.11 „allur akstur bannaður“, í sitt hvorn enda vegarins, sjá myndir 8-10.




Myndir 8-10: Veginum er lokað í sitt hvorn endann með steiptum einingum, lokunarslám og merkinu B01.11 „allur akstur bannaður“. Í öðrum enda vegarins, sem er við Bláfjallaveg 417-01 hafa steypar einingar verið færðar til, það þarf að lagfæra.

Myndir 11-16 sýna umhverfi vegarins sem nú er lokaður.



Mynd 11-16: Myndirnar sýna gróft umhverfi vegarins sem hefur nú verið lokað. Fláar eru víða brattir.

Í vettvangsferðinni var langhalli vegarins mældur og í ljós kom að langhallinn er meiri en 6% á um 620 m kafla, sjá mynd 17 og töflu 1. Langhalli vegarins mældist allt að 11,0%. Í Veghönnunarreglum Vegagerðarinnar kemur fram að umferðaröryggi minnkar verulega við meiri langhalla en 6,0%.



Mynd 17: Kortið sýnir þá staði þar sem að langhalli vegarins mældist 6,0% eða yfir.

Til að minnka langhalla þarf annaðhvort að framkvæma fyllingar og skeringar eða að breyta planlegu vegarins. Báðar aðferðir hafa í för með sér talsverðan kostnað og rask.

Tafla 1: Langhalli vegarins. Stöðvasett frá gatnamótum Bláfjallavegar (áður 417-02) og kaflaskilum Bláfjallavegar (417-01) og Bláfjallaleiðar (417-02).

Staður	Lengd [m]	Langhalli [%]
1	200	6,0-8,5
2	140	6,0-10,0
3	280	6,0-10,5

KaH/okt 2020